



Fundur háskólaráðs 6. september 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Ásgeir Brynjar Torfason

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 04.09.2001 10:06:09

Dags: 06.09.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

13/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 6. september var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30. Rektor bauð Ingjald Hannibalsson velkominn til starfa sem framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmdasviðs.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagður fram listi yfir úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði vegna haustmissisris 2001.
- 1.2 Lagðar fram tölur um skráningu stúdenta.
- 1.3 Lagt fram boðsbréf frá rektor um málþing Háskóla Íslands um áhrif háskóla á samfélagið.

2. Erindi frá rektor

- 2.1 Rektor leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur til að athuga hvort tilefni sé til að endurskoða löggin um háskóla frá 1997. – Samþykkt einróma.
Rektor leggur til að starfshópurinn verði skipaður Eiríki Tómassyni, prófessor í lagadeild, formanni, Þórdísi Kristmundsdóttur, forseta lyfjafræðideildar, Herði Filippussyni, forseta raunvísindadeildar, Ólafi Þ. Harðarsyni, forseta félagsvísindadeildar, fulltrúa stúdenta samkvæmt tilnefningu, og Þórði Kristinssyni, framkvæmdastjóra stjórnslusviðs. – Samþykkt einróma

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Reglur um Stofnun Sigurðar Nordals.
Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var því frestað til næsta fundar.
- 3.2 Erindi Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi húsnæði.
Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, gerði grein fyrir málinu.
Málið var rætt og því frestað.
- 3.3 Þróun nemendafjölda á háskólastigi.
Inn á fundinn kom Jón Torfi Jónasson prófessor og greindi frá helstu niðurstöðum athugana sinna á þróun nemendafjölda á háskólastigi á Íslandi næstu áratugi. Málið var rætt ítarlega og svaraði Jón Torfi framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 3.4 Dagskrá á 90 ára afmæli Háskólans.
Magnús D. Baldursson gerði grein fyrri framlögðum drögum að afmælisdagskrá. Málið var rætt.
- 3.5 Rannsóknasamningur, staða málsins.
Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir stöðu viðræðna við menntamálaráðuneytið um væntanlegan samning um rannsóknir.
- 3.6 Skipun í stjórnir Orðabókar Háskólans, Siðfræðistofnunar og Reiknistofnunar svo og í

jafnréttisnefnd og vísindanefnd.

Rektor bar fram tillögu um að stjórn Orðabókar Háskólans verði skipuð eftirfarandi:

Eiríki Rögnvaldssyni, prófessor í heimspekideild,

Guðvarði Má Gunnlaugssyni, sérfræðingi á Stofnun Árna Magnússonar og

Margréti Jónsdóttur, dósent í heimspekideild.

Til vara verði Haraldur Bernharðsson, styrkþegi Rannsóknarráðs Íslands.

Samþykkt einróma.

Stjórn Reiknistofnunar Háskólans verði skipuð eftirfarandi:

Snjólfur Ólafssyni, prófessor í viðskiptaskor, viðskipta- og hagfræðideildar,

Hjálmtý Hafsteinssyni, dósent í tölvunarfræðiskor, verkfræðideildar,

Guðmundi B. Arnkelssyni, dósent í uppeldis- og menntunarfræðiskor, félagsvísindadeildar

Ástu Thoroddsen, lektor í hjúkrunarfræðideild og

Þórði Kristinssyni, framkvæmdastjóra stjórnýslusviðs

Samþykkt einróma.

Snjólfur Ólafsson vék af fundi meðan skipun stjórnar Reiknistofnunar kom til umræðu og afgreiðslu.

Stjórn Siðfræðistofnunar verði skipuð eftirfarandi:

Vilhjálmur Árnasyni, prófessor í heimspekideild,

Birni Björnssyni, prófessor í guðfræðideild,

Irmu Sjöfn Óskarsdóttur, presti og

Ástríði Stefánsdóttur, dósent við Kennaraháskóla Íslands, auk

Páls Hreinssonar, prófessors í lagadeild, sem skipaður var af háskólaráði á fundi ráðsins 21. júní 2001.

Jafnréttisnefnd verði skipuð eftirfarandi:

Baldri Þórhallsyni, lektor í félagsvísindadeild, formanni,

Jóni Geir Jóhannssyni, fulltrúa stúdenta,

Jóni Ingólfi Magnússyni, dósent í raunvísindadeild,

Margréti Jónsdóttur, lektor í heimspekideild og

Ragnheiði Bragadóttur, prófessor í lagadeild.

Með nefndinni starfi Rósa G. Erlingsdóttir, verkefnisstjóri jafnréttisátaks og Lilja Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri á starfsmannasviði.

Samþykkt einróma.

Í vísindanefnd verði skipaður Róbert H. Haraldsson, dósent í heimspekideild.

Samþykkt einróma.

4. Önnur mál

4.1 Umsögn um erindi Ívars Péturs Guðnasonar.

Fyrir fundinum lá umsögn forseta félagsvísindadeildar um erindi Ívars Péturs Guðnasonar. Ákveðið var að leita eftir nánari skýringum á því hvert erindi Ívars er.

4.2 Ármann Höskuldsson óskaði eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hve margir nemendur sóttu um um fjarnám í kennslufræði til kennsluréttinda?
2. Hve margir þeirra fullnægðu inntökuskilyrðum í námið?
3. Hverjar eru helstu forsendur fjöldatakmarkana í fjarnámi?

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16.00